

Eiríkur Rögnvaldsson :

Af rökréttu máli



1.

Ein þeirra röksemda sem málvöndunarmenn (málvendir) beita oftast gegn nýjungum í málí er að þær séu ekki rökréttar. Þessi röksemd gefst yfirleitt vel, því að flestir fallast umsvifa-laust á að málíð verði að vera rökrétt til að skiljast sámeilega. Og í vissum skilningi er þetta auðvitað rétt; menn verða að geta treyst því að viðmælendur þeirra noti ekki orð og setningar í þveröfugri merkingu við það sem allir aðrir gera, annars gegnir málíð ekki hlutverki sínu sem samskiptatæki. Hins vegar má ekki skilja orðið „rökrétt“ á sama hátt og ef verið væri að ræða um stærðfræði eða rökfræði. Málíð er nefnilega hvor-ugt, heldur sjálfstætt taki; og lýtur þar af leiðandi hvorki stærð-fræðilegum né rökfræðilegum lögmálum, heldur sínum eigin (sjá t.d. Aitchison 1981:24 o.v., sem fjallar um þetta).

Og málíð þarf ekki og á ekki að vera „rökrétt“; sú krafra leggur

þýmsar hömlur á eðlilega notkun þess. Ég held að það sé einmitt þetta sem gerir málíð svo merkilegt viðfangsefn og stórkostlegt tæki, að það er ekki endilega „rökrétt“.

2.

Ef einhver skyldi efast um „rökleysi“ málsins er fljótlegt að benda á dæmi. Í fyrsta lagi eru auðvitað ótal dæmi þar sem þessu viðmiði verður ekki komið við. Það er t.d. ekkert rökréttara að segja að ákveðið húsdýr heiti **kýr** en það heiti **kú** eða **belja** (eða **hestur**, ef út í það er farið); og eins er ekkert rökréttara að beygja **kýr** — **kú** — **kú** — **kýr** en **kýr** — **kýr** — **kýr** — **kýr** — **eða** **kú** — **kú** — **kú** — **kúar**.

Í öðru lagi er svo fjöldi dæma þar sem ekki verður betur séð en málíð sé beinlínis „órökrétt“. Forskeytið ó- er yfirleitt talið neitandi, og þannig virðist það vera notað í eftirfarandi dænum:

(1)	fagur	ófagur
	finn	ófinn
	hraustur	óhraustur
	markaður	ómarkaður
	nógr	ónógr
	næði	ónæði

Við getum sagt að ó merki hér u.p.b. sama og ‘ekki’. En lítum þá á dæmin í (2):

(2)	fögnumur	ófögnumur
	hljóð	óhljóð

læti	ólaeti
magi	ómagi
náða	ónáða
nýta	ónýta

Hér er alls ekki hægt að segja að ó- merki sama og ‘ekki’. Það eina sem er sameiginlegt um öll þessi ó- er að þau eru á einhvern hátt neikvæð, að því er virðist. En „rökrétt“ er þessi notkun ó-varla — eða hvað?

Annað dæmi um að málíð sé „órökrétt“ má finna í setningum á við (3):

(3) Ég kæmi á morgun ef ég gæti

Hér sýnir forsetningaráðurinn á **morgun** greinilega að verið er að tala um ókominn tíma. Samt eru myndirnar **kæmi** og **gæti** kallaðir „viðtengingaráttur pátiðar“. Það verður varla talið „rökrétt“. Og hliðstætt má segja um (4):

(4) Ég er alltaf syfjaður á morgnana

Hér notum við nútíðarmynd sagnarinnar; en það er augljóst að sú fullyrðing sem í setningunni felst er eingöngu byggð á reynslu liðins tíma. Ég veit ekkert um hvort ég verð syfjaður í fyrramálíð eða næstu morgna. Þess vegna getur það tæpast talið „rökrétt“ að nota nútíð í (4).

Það er líka spurning hvort miðmynd ýmissa sagna eins og t.d. **opna** og **loka** er ekki alltaf „órökrétt“; helsta merkingarein-

kenni miðmyndar er sagt það að „Sá sem framkvæmir verknaðinn og verður fyrir honum, er sami maðurinn“ (Björn Guðfinnsson 1958:69). En er þá ekki (5) „órókrétt“, því að varla er hægt að kalla **dýrnar** „framkvæmdaaðila“ þar?

(5) Dyrnar opnuðust hægt

Þó veit ég ekki betur en slikar setningar séu taldar góðar og gildar.

3.

En röksemldinni um órókrétt mál er hins vegar oft beitt gegn notkun germyndar sagnanna **opna** og **loka** í setningum eins og (6) og (7):

- (6) Verslunin opnar á morgun
- (7) Húsið lokar klukkan þrjú

Þessi notkun sagnanna er sögð órókrétt, því að **verslunin** og **húsið** opni hvorki eitt né neitt, þ.e. séu ekki gerendur í setningum; það þurfir einhvern til að opna þau. Setningarnar ættu því að vera:

- (8) Verslunin verður opnuð á morgun
- (9) Húsinu verður lokað klukkan þrjú

Ég hef haldið því fram hér á undan að engin nauðsyn sé á að málið sé rókrétt; og það sé raunar mælikvarði sem alls ekki eigi að leggja á málið, því að þar með setjum við skorður við ýmissi eðlilegri notkun þess. En jafnvel þótt við félumst á það að þeim rökum yrði ekki beitt gegn (6) og (7) að þær séu órókréttar, væri hugsanlegt að mótmæla þeim af öðrum sökum, s.s. þeim að tengsl eins og milli a- og b-setninganna í (10) og (11) kæmu hvergi annars staðar fyrir í mál-inu:

- (10) a Eigandinn opnaði verslunina
- b Verslunin opnaði
- (11) a Dyravörðurin lokar húsinu klukkan þrjú
- b Húsið lokar klukkan þrjú

Þegar betur er að gáð kemur þó í ljós að slik tengsl eru alls ekkert einsdæmi:

- (12) a Jón seinkaði úrinu
- b Úrinu seinkaði
- (13) a Steingrimur fjölgaði togurum
- b Togurum fjölgaði

Með sögnunum **seinka** og **fjölda** (og raunar líka **fækka** og nokrum öðrum) er sem sagt hægt að sleppa gerandanum úr setningunni, án þess að hún fái þolmyndarform, rétt eins og farið er að gera með **opna** og **loka** (sjá Helgi Bernódusson 1982:19—21 o.v.). Að vísu mætti halda því fram að þetta sé ekki hliðstætt, því að i (12) og (13) heldur andlag a-setninganna falli sínu, þótt gerandinn hverfi úr setningum; en í (10) og (11) fær andlagið hið venjulega frumlagsfall, nefnifall, í b-setningunum. Þetta eru þó engin rök fyrir því að forðæma (10)b og (11)b. Þótt nú sé algengast að þágufallið haldi sér með **fjölgu** og **fækku**, ef gerandanum sé sleppt, eru myndir með nefnifalli til líka (t.a.m. gefnar upp athugasemdalaust í nýrri útgáfu Orðabókar Menningarsjóðs, 1983); og ef bætt er við afturbeygðu fornafni, getur þgf. líka orðið nf. með **seinka**. Og hver er þá munurinn á eftirfarandi setningum:

- (14) Verslunin opnar
- (15) Húsið lokar
- (16) Urið seinkar sér
- (17) Togarar fjölgja

Það er erfitt að sjá að **úrið** og **togarar** séu meiri gerendur en

verslunin og **húsið** í þessum setningum.

4.

Um annað atriði skylt þessu hefur nýlega verið fjallað á prenti (Gísli Jónsson 1984), þar voru teknar fyrir setningar eins og þessar:

- (18) a Mér var boðið í mat
- b Ég var boðinn í mat

Sagt var að (18)a væri hin eina rétta mynd, en (18)b röng. Rökin eru þau að í germynd taki so. **bjóða** andlag í þágufalli, og það er einkenni þágufallsandlaga að þau halda falli sinu í þolmynd, þótt þolfallsandlöög fái þar nefnifall. Þess vegna geti (18)b ekki staðist (sjá Gísli Jónsson 1984).

Nú er þetta rétt með mun þágufalls og þolfalls; en það er ekki þar með sagt að (18)b hljóti þar af leiðandi að vera vond. Það er nefnilega ekki nauðsynlegt að líta á hana sem þolmyndarsetningu. Færð hafa verið rök að því að sú orðmynd sem kölluð er lýsingaráttur þátíðar hafi ýmist eðli sagnar (í þolmynd) eða lýsingarorðs (og er þá um venjulega germynd að ræða, sjá Höskuldur Práinsson 1983:16—18). Við getum til samanburðar litið á (19) (dæmi frá Helga Bernódusyni 1982:31—32):

- (19) a Hliðinu var lokað
- b Hliðið var lokað

Báðar þessar setningar eru fullkomlega eðlilegar; þó tekur so. **loka** þágufallsandlag í germynd. En hér er hægt að líta svo á að aðeins (19) sé þolmyndarsetning (og **lokað** þá hluti umsagnarnar), en í (19)b sé **lokað** lýsingarorð (og gegni þá hlutverki sagnfyllingar). Þetta styðst líka við það að hægt er að nota forskeyti á **lokað** í (19)b, en ekki í (19)a, enda sögnin ***óloka** ekki til:

- (20) a *Hliðinu var ólokað
b Hliðið var ólokað

Það er líka ákveðinn merkingarmunur á (19)a og (19)b; (19)a segir frá athöfn, en (19)b frá ástandi (sjá Helgi Bernódusson 1982:32). Hliðstæður merkingarmunur er á (21)a og b:

- (21) a Skónum var slitið
b Skórnir voru slitnir

Þótt (21)b gæti að vísu verið þolmynd af **Jón sleit skóna** er ljóst af merkingarlegum ástæðum að svo er ekki; enda má sýna lýsingarorðseðli **slitnir** í (21)b enn betur; það getur bæði tekið atviksorð með sér og stigbreyst eins og venjuleg lo., sem **slitið** í (21)a getur ekki:

- (22) a *Skónum var miklu slitnara en buxunum
b Skórnir voru miklu slitnari en buxurnar

Þannig er að vísu ekki hægt að fara með **boðinn** (18)b, en það er væntanlega af merkingarlegum ástæðum; og eins og Helgi Bernódusson (1982:219—220) bendir á, má finna fyrir ákveðnum merkingarmun milli (18)a og b, á þann hátt að (18)a vísi til athafnar en (18)b til ástands:

- (23) a Í morgun var mér boðið í mat í kvöld
b ??Í morgun var ég boðinn í mat í kvöld

- (23)a merkir þá 'það gerðist í morgun að einhver bauð mér í mat í kvöld' en (23)b myndi

fremur merkja 'þannig stóð á fyrir mér í morgun (en gerir ekki lengur) að einhver hafði boðið mér í mat í kvöld' (sjá Helgi Bernódusson 1982:219).

5.

Niðurstaðan verður þá sú, að setningar eins og (6), (7) og (18)b er hvorki hægt að fordæma á þeim grunni að þær séu rökleysa, né á þeirri forsendu að hliðstæð notkun sagna komi ekki fyrir í málinu. Ef menn vilja samt sem áður ekki viðurkenna að **verslunin opni, húsið loki, eða þeir séu boðnir í mat**, verður það því eingöngu á þeirri forsendu að þeir eru ekki aldir upp við þessa notkun téðra sagna. Og ætli sú sé ekki meginforsenda margra boða og banna málvanda, þegar öllu er á botninn hvolt?

Heimildir:

Aitchison, Jean. 1981. *Language Change: Progress or Decay?* Fontana Paperbacks, Bungay.

Björn Guðfinnsson. 1958. *Íslensk málfræði* handa framhaldsskólum. 6. útg. Eiríkur Hreinn Finnborgason annaðist útgáfuna. Ríkisútgafa námsbóka, Reykjavík.

Gisli Jónsson. 1984. *Íslenskt mál. 233. þáttur. Morgunblaðið* 4. mars 1984, bls. 9.

Helgi Bernódusson. 1982. *Ópersónulegar setningar*. Ritgerð til kandidatsprófs i íslenskri málfræði. Háskóla Íslands, Reykjavík.

Höskuldur Práinsson. 1983. *Setningarfæði*. Kennslukver handa nemendum á háskólastigi. Fyrri hluti. 2. tilraun með breytingum. Reykjavík.

Orðabók menningarsjóðs = *Íslensk orðabók* handa skólum og almenningi. Ritstjóri Árni Böðvarsson. 2. útg. aukið og endurskoðuð. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík, 1983.

Skíma

Útgefandi: Samfók íslenskra móðurmálskennara.
Posthóll 4303 — 124 Reykjavík